

Prentun fyrir starfsfólk

Prentkerfi skólans heitir MyQ.

Í öllum prenturum skólans er hægt að prenta, skanna og ljósrita. Svart-hvítir prentarar eru á öllum vinnuherbergjum. Litaprentarar eru á skrifstofu skólans og Grjóthól í Jarðsteini.

Til að prenta er valinn annað hvort prentari sem heitir Svart-Hvítt on WOWMYQ, fyrir svart-hvíta prentun eða Litur on WOWMYQ, fyrir litaprentun. Þá er prentun sent í prentskýið en ekki á ákveðinn prentara.

Svo fer maður að þeim prentara sem maður ætlar að nota og stimplar inn PIN númerið sitt eða ber pillu/kort að skynjaranum. Þá nær prentarinn í skjalið úr prentskýinu.